

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 2010 í máli nr. E-14163/2009:

Þorsteinn Örn Guðmundsson

(Viðar Lúðvíksson hrl.)

gegn

Stoðum hf.

(Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 20. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Þorsteini Erni Guðmundssyni, Asparhvarfi 14, Kópavogi á hendur Stoðum hf., Hátúni 2b, Reykjavík, með stefnu birtri 9. desember 2009.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð 17.731.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af 63.000 kr. frá 01.02.2009 til 01.03.2009, af 273.000 kr. frá 01.03.2009 til 01.04.2009, af 483.000 kr. frá 01.04.2009 til 01.05.2009, af 2.987.000 kr. frá 01.05.2009 til 01.06.2009, af 7.715.000 kr. frá 01.06.2009 til 01.07.2009, af 10.219.000 kr. frá 01.07.2009 til 01.08.2009, af 12.723.000 kr. frá 01.08.2009 til 01.09.2009, af 15.227.000 kr. frá 01.09.2009 til 01.10.2009, og af 17.731.000 kr. frá 01.10.2009 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda að fjárhæð 1.000.000 kr. hinn 16. júní 2009.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda og taki tildæmdur málskostnaður mið af því að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málavextir

Hinn 1. september 2005 gerðu málsaðilar ráðningarsamning, þar sem stefnandi var ráðinn framkvæmdastjóra til að hafa umsjón með rekstri, stefnumótun og viðskiptaþróun hjá Fl Group. Umsamin föst mánaðarlaun voru 1.200.000 kr. (miðað við 1. ágúst 2005), orlof var 28 virkir dagar og til viðbótar lögbundnum greiðslum í lífeyrissjóð skuldbatt stefndi sig til að greiða 5% af mánaðarlaunum í almennan frjálsan lífeyrissjóð, auk 100.000 kr. af mánaðarlaunum. Þá var jafnframt samið um ýmis hlunnindi til handa stefnanda, sbr. 6. gr. samnings aðila. Samkvæmt

8. gr. var gagnkvæmur uppsagnarfrestur 12 mánuðir.

Hinn 5. desember 2005 undirrituðu stefnandi og Hannes Smárason, f.h. FL Travel Group ehf., ráðningarsamning, þar sem stefnandi tók að sér stöðu forstjóra FL Travel Group ehf. FL Travel Group ehf. var stofnað til að fara með eignarhald á íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum sem voru þá í eigu stefnda, en þar var um að ræða Flugfélag Íslands ehf., Icelandair Hotels ehf., Bílaleigu Flugleiða ehf., Kynnisferðir ehf., Ferðaskrifstofu Íslands ehf. og Íslandsferðir ehf. Í 5. gr. samnings aðila var kveðið á um laun, 1.600.000 kr. á mánuði. Í 6. gr. var kveðið á um greiðslu iðgjalda og í 7. gr. var samið um ýmis hlunnindi til handa stefnanda. Jafnframt var samið um 6 vikna orlofsrétt stefnanda á ári hverju. Samkvæmt 10. gr. umrædds ráðningarsamnings var ráðningin ótímabundin, en þó að lágmarki 2 ár sem forstjóri FL Travel Group ehf. eða í sambærilegri stöðu innan FL Group hf. Þá var svo samið að gagnkvæmur uppsagnarfrestur væri 12 mánuðir.

Hinn 1. september 2007 undirrituðu stefnandi, stefndi og Northern Travel Holding hf. (NTH), samkomulag vegna upphafs starfa stefnanda fyrir NTH. Var um það samkomulag með aðilum að stefnandi tæki að sér stöðu forstjóra NTH hinn 1. september 2007 og var gert ráð fyrir að stefnandi gegndi þeirri stöðu í allt að 24 mánuði. Þegar störfum stefnanda fyrir NTH lyki, var jafnframt um það samið að stefnandi tæki aftur við sambærilegu/ri starfi/stöðu innan stefnda og hann gegndi fyrir fyrrgreint samkomulag aðila, sbr. 2.3 gr. Samkomulag var einnig með aðilum um að stefndi skyldi sem fyrir greiða stefnanda laun og aðrar launatengdar greiðslur og endurkrefja síðan NTH. Í 5. gr. samkomulagsins var kveðið á um laun og árangurstengdar greiðslur, í 6. gr. var kveðið á um hlunnindi og í 7. gr. var kveðið á um að stefnandi ætti 30 daga orlofsrétt ár hvert. Uppsagnarfrestur samkvæmt umræddum samningi var ákveðinn 6 mánuðir.

Hinn sama, dag eða 1. september 2007, rituðu málsaðilar undir viðauka við ráðningarsamning frá 5. desember 2005. Þar kemur fram að stefnandi skuli eftir sem áður vera starfsmaður FL Group. Í 4. gr. viðaukans var þó gerð sú breyting á fyrri ráðningarsamningi að laun stefnanda skyldu hækka í 1.800.000 kr. á mánuði, en að öðru leyti áttu ákvæði samnings frá 5. desember 2005 að gilda varðandi laun, hlunnindi og aðrar greiðslur.

Hinn 29. september 2008 var stefnda veitt heimild til greiðslustöðvunar. Daginn eftir, eða hinn 30. september 2008, var stefnanda sagt upp störfum og var það gert samkvæmt fyrrmælum frá umsjónarmanni stefnda í greiðslustöðvun, Jakobi Möller hrl. Vinnuframlags í þágu stefnda á uppsagnartíma var ekki krafist og greiddi stefndi laun í kjölfarið í sex mánuði og er síðasti launaseðill dagsettur 16. mars 2009. Þá fékk stefnandi greiðslur frá stefnda vegna rekstrarkostnaðar bifreiðar fram í janúar 2009, eða sem svarar í 3,7 mánuði.

Hinn 6. apríl 2009 fékk stefndi heimild til að leita nauðasamninga. Stefnandi lýsti kröfum sínum hinn 13. maí 2009 við nauðasamningsumleitunar stefnda skv. 45. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Stefnandi taldi launakröfu sína vera forgangskröfu í skilningi 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Ekki var gerð athugasemd við lýsta réttarstöðu kröfunnar.

Með bréfi, dags. 29. maí 2009, hafnaði stefndi því að krafa stefnanda væri forgangskrafa og taldi að krafa stefnanda væri almenn krafa, sem félli undir

nauðasamning félagsins.

Með bréfi stefnda, dags. 8. júní 2009, var stefnanda tilkynnt að nauðasamningsfrumvarp félagsins hefði verið samþykkt. Fól það meðal annars í sér að allar viðskiptakröfur á hendur félaginu undir 1.000.000 kr. yrðu greiddar að fullu. Samkvæmt nauðasamningsfrumvarpi stefnda skyldu þeir samningskröfuhafar, sem ekki fengju fullnustu krafna sinna með greiðslu á allt að 1.000.000 kr., fá greidd 5% af eftirstöðvum kröfufjárhæðarinnar eins og hún stóð hinn 30. mars 2009 með nýju hlutafé í almennum flokki í félaginu gefnu út á genginu 1. Stefndi hefur gert upp við stefnanda á grundvelli þessa.

Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 11. júní 2009, var krafa stefnda skv. fyrirnefndri kröfulýsingu ítrekuð og aftur hinn 20. júlí 2009.

Hinn 15. júní 2009 staðfesti Héraðsdómur Reykjavíkur nauðasamning stefnda.

Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 7. september 2009, var kröfum stefnda hafnað af hálfu stefnda og þeirri skoðun stefnda lýst að hann teldi kröfur stefnda falla undir almennar kröfur og þar með nauðasamning stefnda.

Mál þetta var síðan höfðað í desember 2009.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum vinnuréttar og ráðningarsamningum milli aðila. Þá vísar hann til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga.

Krafa stefnda byggir á samningum stefnda og stefnda um launakjör stefnda. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi vanefnt þá samninga.

Stefnandi fékk greidd laun frá stefnda út mars 2009, en launagreiðslur frá og með apríl 2009 hafa ekki verið inntar af hendi. Stefndi hefur ekki skýrt út hvers vegna hann vanefndi ráðningarsamning stefnda með því að hætta skyndilega að greiða stefnda laun í samningsbundnum uppsagnarfresti.

Stefnandi naut 12 mánaða uppsagnarfrests á grundvelli 10.2 gr. í ráðningarsamningi, dags. 5. desember 2005, sbr. ákvæði 9.1 gr. í samkomulagi, dags. 1. september 2007. Á 12 mánaða uppsagnarfresti stefnda hefur stefndi hins vegar einungis innt af hendi launagreiðslur til stefnda í 6 mánuði og greiðslur vegna rekstrarkostnaðar bifreiðar í 3,7 mánuði.

Stefnandi krefst þess því að stefndi greiði honum rekstrarkostnað bifreiðar í 8,3 mánuði (þ.e. vegna hluta janúarmánaðar 2009 til og með september 2009) og laun auk annarra samningsbundinna réttinda í 6 mánuði (þ.e. vegna apríl til og með september 2009). Krafan hvílir á grundvelli gildandi samninga milli stefnda og stefnda.

Stefnandi telur kröfu sína vera forgangskröfu í skilningi 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1.–4. tl. þeirrar málsgreinar, og ætti hún sem slík að njóta forgangsréttar í þrotabú stefnda ef til gjaldþrots kæmi. Þess vegna hefur nauðasamningur stefnda ekki áhrif á kröfu stefnanda, sbr. 28. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Auk þess hefði stefnda verið bæði rétt og skylt að inna hinar samningsbundnu greiðslur af hendi til stefnanda á greiðslustöðvunartíma, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi vann í þágu stefnda. Stefnandi getur því ekki fallist á þá skoðun stefnda að hafna því að kröfur hans njóti stöðu forgangskrafna í framangreindum skilningi. Í bréfi stefnda frá 7. september 2009 eru ekki færð nein rök fyrir því að hafna greiðslu á kröfu stefnanda.

Þó svo að stefnandi hafi tímabundið gegnt stöðu forstjóra hjá dótturfélagi stefnda þá greiddi stefndi honum alltaf laun og launatengd gjöld. Stefnandi var starfsmaður stefnda á meðan hann starfaði að verkefnum á vegum NTH, enda var það stefndi sem greiddi honum laun og sagði honum upp störfum.

Stefnandi byggir einnig á því að með greiðslum stefnda á hluta af launum stefnanda í 6 mánuði eftir að stefnanda var sagt upp hefur stefndi viðurkennt þær kröfur sem stefnandi hefur nú uppi og einnig viðurkennt að launakröfur stefnanda eru forgangskröfur í skilningi 112. gr. laga nr. 21/1991.

Þá ber að nefna þá afstöðu aðstoðarmanns með nauðasamningi stefnda að gera ekki athugasemd við að krafa stefnanda nyti forgangs. Af þeim sökum fékk stefnandi ekki atkvæðisrétt um frumvarp til nauðasamnings stefnda.

Stefnukrafan er sundurliðuð með svofelldum hætti:

1. Mánaðarlegar launakröfur stefnda fyrir apríl 2009 til loka septembermánaðar 2009, ásamt samningsbundnum hlunnindum, þ.m.t. rekstrarkostnaði bifreiðar, samtals 2.504.000 kr. á mánuði, sundurliðað með svofelldum hætti:

a. Mánaðarlaun í 6 mánuði (þ.e. vegna apríl til og með september 2009), $1.800.000 \times 6 = 10.800.000$ kr. Krafan byggir á 5. gr. samkomulagsins, dags. 1. september 2007.

b. Krafa um greiðslu mótframlags í lífeyrissjóð. Lögbundið 8% framlag af mánaðarlaunum kröfuhafa (sbr. tölulið 1.a. hér að framan) nemur 144.000 kr. á mánuði. Samtals nemur því krafan $144.000 \times 6 = 864.000$ kr.

c. Samkvæmt 6. gr. ráðningarsamningsins, dags. 5. desember 2005, sbr. 9. gr. samkomulagsins, dags. 1. september 2007, skyldi félagið greiða kröfuhafa 10% mótframlag af launum hans í lífeyrissjóð auk fasts framlags að fjárhæð 100.000 kr. á mánuði. Nemur sú fjárhæð samanlagt 280.000 kr. á mánuði. Samtals er því krafa vegna þessa, $280.000 \times 6 = 1.680.000$ kr.

d. Kröfuhafi á rétt á greiðslu vegna símakostnaðar og trygginga á grundvelli ákvæða gr. 7.5 og 8 í ráðningarsamningnum. Áætlaður kostnaður vegna þessa þáttar er 70.000 kr. á mánuði. Samtals er því krafan vegna þessa $70.000 \times 6 = 420.000$ kr.

e. Félagið hætti greiðslu á rekstrarkostnaði bifreiðar kröfuhafa í janúar 2009 er eldsneytiskorti kröfuhafa var lokað og bifreiðin var innkölluð af viðkomandi bifreiðaumboði. Eru því 8,3 mánuðir ógreiddir af þeim launagreiðslum, sem kröfuhafi á rétt á í formi greiðslna á rekstrarkostnaði af bifreið. Áætlaður mánaðarlegur kostnaður vegna þessa er 45.000 kr. vegna eldsneytis og rekstrar auk 165.000 kr. vegna bifreiðarinnar sjálfrar, þ.e. samtals 210.000 kr. á mánuði. Samtals er því krafan vegna þessa þáttar $210.000 \times 8,3 = 1.743.000$ kr.

Samtals er því mánaðarleg krafa stefnanda 2.504.000 kr. alls í 6 mánuði, sbr. framanritað, frá og með aprílmánuði 2009 til og með septembermánuði 2009, en auk þess er krafist ógreidds kostnaðar vegna bifreiðar stefnanda frá janúar 2009 til mars 2009, 2,3 mánuði og er krafan vegna þessa $210.000 \times 2,3 = 483.000$ kr.

Gjalddagar einstakra þátta í kröfu stefnanda eru eins og hér greinir:

Gjalddagi Fjárhæð

1. 01.02.2009	63.000,- (rekstrarkostnaður bifreiðar)
2. 01.03.2009	210.000,- (rekstrarkostnaður bifreiðar)
3. 01.04.2009	210.000,- (rekstrarkostnaður bifreiðar)
4. 01.05.2009	2.504.000,-
5. 01.06.2009	2.504.000,-
6. 01.07.2009	2.504.000,-
7. 01.08.2009	2.504.000,-
8. 01.09.2009	2.504.000,-
9. 01.10.2009	2.504.000,-

1. Áunninn orlofsréttur með gjalddaga 1. maí 2009 nemur 2.224.000 kr. Stefnandi hefur áunnið sér fullan orlofsrétt á grundvelli almennra reglna á orlofsárinu 2008-2009, sbr. og ákvæði 9. gr. ráðningarsamnings, dags. 5. desember 2005, 7. gr. samkomulagsins, dags. 1. september 2007, og ákvæði laga nr. 30/1987 um orlof. Er gerð krafa um að orlofsréttur hans verði greiddur honum, þ.e. sem svarar til einna mánaðarlauna (1.800.000 kr.) auk

eins mánaðar greiðslu af þeim fjárhæðum sem tilgreindar eru í liðum 1. b) og c) (144.000 kr. og 280.000 kr.), þ.e. samtals 2.224.000 kr.

Samtals nema kröfur stefnanda á hendur stefnda því 17.731.000 kr. auk dráttarvaxta. Inn á kröfu stefnanda hefur stefndi greitt innborgun 1.000.000 kr. hinn 16. júní 2009 sem dregst frá skaðabótakröfunni miðað við stöðuna á innborgunardegi og gengur fyrst til greiðslu áfallinna dráttarvaxta.

Dráttarvaxtakrafa stefnanda er byggð á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 6. gr. sömu laga.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er byggð á 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur og því er nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar. Um varnarþing vísast til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

-

Málsástæður og lagarök stefnda

Í fyrsta lagi byggir stefndi á því að með greiðslu í samræmi við staðfestan nauðasamning stefnda hafi fullnaðargreiðsla á kröfum stefnanda þegar átt sér stað. Ber þegar af þeim sökum að sýkna stefnda.

Í öðru lagi, hvað sem fyrrgreindu liður, byggir sýknukrafa stefnda á því að krafa stefnanda nýtur ekki réttar skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 þar sem stefnandi gegndi stöðu sem jafna má við stöðu framkvæmdastjóra þrotamanns, sbr. 3. mgr. 112. gr. sömu laga. Krafa stefnanda tilheyrir því ekki þeim flokki krafna sem sérstaklega eru undanþegnar nauðasamningi skv. 28. gr. laga nr. 21/1991. Jafnframt er bent á áðurnefnt ákvæði í 10. gr. ráðningarsamnings stefnanda frá 5. desember 2005, þar sem fram kom að stefnandi var ráðinn ótímabundið, en þó að lágmarki í 2 ár, sem forstjóri FL Travel Group ehf. eða í sambærilegri stöðu innan FL Group hf. Réttarstaða stefnanda innan stefnda var því í samningi aðila skilgreind þannig að stefndi gegndi þess háttar starfi sem ekki veitir forgangsrétt við gjaldþrot.

Stefnandi starfaði sem forstjóri NTH, dótturfélags stefnda. Hann var sjálfstæður í störfum sínum, laut ekki sérstakri stjórn stefnda og bar ábyrgð á starfsfólki og rekstri NTH. Verður því ekki á annan veg ráðið en að stefnandi hafi haft þá stöðu sem kveðið er á um í 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 og fellur krafa stefnanda því undir nauðasamning stefnda.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 21/1991 verður ekki unnt að líta svo á að krafa stefnanda sé krafa um greiðslu launa í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laganna. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 njóta kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamanns forgangsréttar við gjaldþrotaskipti, enda hafi þær fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag. Með ákvæði þessu, sem skipar vissum kröfum frammar öðrum í réttindaröð, er vikið frá grundvallarreglu laga nr. 21/1991

um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrotaskipti. Verður ákvæðið því ekki skýrt á rýmri veg en leiðir af orðanna hljóðan. Þegar þannig er rætt um laun skv. ákvæðinu er ótvírætt sett sú regla að réttur til launa, sem þar getur átt undir, þurfi að eiga rætur að rekja til vinnu í þágu þrotamanns.

Líkt og fyrr hefur verið fjallað um starfaði stefnandi sem forstjóri NTH, en í samningi á milli stefnda, NTH og stefnanda var svo um samið að stefndi greiddi laun stefnanda hjá NTH og síðastgreinda félagið skyldi svo endurgreiða stefnda þann kostnað. Krafa stefnanda byggir því ekki á endurgjaldi fyrir vinnu í þágu stefnda, heldur vann stefnandi þvert á móti í þágu NTH. Þó stefndi hafi samþykkt að greiða laun stefnanda gegn endurgreiðslu NTH, þá var ekki gerð krafa um vinnu í þágu stefnda. Þegar af þeim sökum verður að skipa kröfu stefnanda í réttindaröð skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 en ekki skv. 1. mgr. 112. gr. sömu laga. Þar af leiðir jafnframt að krafa stefnanda fellur undir nauðasamninga stefnda.

Í þessu samhengi mótmælir stefndi þeirri málsástæðu stefnanda að þar sem stefndi greiddi laun hans og launatengd gjöld, þá skuli kröfu hans skipað í réttindaröð skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Líkt og stefnandi greinir sjálfur frá, þá starfaði hann að verkefnum á vegum NTH. Í vinnu stefnanda fólst því ekki vinna í þágu stefnda, líkt og skýrlega er gert að skilyrði ef skipa á kröfum í réttindaröð skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Þá er því mótmælt að stefndi hafi á einhvern hátt viðurkennt að skipa beri kröfu stefnanda í réttindaröð skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 þar sem stefndi innti greiðslur af hendi til stefnanda í sex mánuði frá uppsögn. Stefnandi naut sem forstjóri NTH sex mánaða uppsagnarfrests, sbr. gr. 8.2. í samkomulagi aðila frá 1. september 2007. Þar sem stefndi gat kafið NTH um endurgreiðslu þessa kostnaðar sem félli til á þessum uppsagnarfresti, var það hvorki stefnda né kröfuhöfum stefnda til tjóns að greiðslur á sex mánaða uppsagnarfresti yrðu inntar af hendi.

Aukinheldur er þeirri málsástæðu stefnanda mótmælt að líta beri á kröfu stefnanda sem forgangskröfu, þar sem umsjónarmaður með nauðasamningi gerði ekki athugasemd við þá afstöðu sem fram kom í kröfulýsingu stefnanda um að krafa hans væri forgangskrafa. Kröfuhafi ber sjálfur ábyrgð á því að lýsa hvar kröfu hans skuli skipað í réttindaröð. Þar sem kröfunni var lýst sem forgangskröfu, þá var efni kröfunnar eða réttmæti hennar ekki frekar skoðað af aðstoðarmanni, þar sem slíkar kröfur falla utan nauðasamninga. Af þessari tilhögun kröfulýsingar verður stefnandi sjálfur að bera hallann.

Varakröfu sína um verulega lækkun dómkrafna stefnanda byggir stefndi á að einstakir kröfuliðir í kröfu stefnanda fela ekki í sér kröfu um greiðslu launa, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Í stefnu er að finna sundurliðun stefnufjárhæðar. Stefnandi telur þær forsendur sem stefnandi gefur sér til grundvallar heildarstefnufjárhæð í verulegum atriðum rangar.

Við skýringu á launahugtakinu skv. lögum nr. 21/1991 hefur í framkvæmd verið við það miðað að réttur launþega geti ekki náð lengra en til nettólauna, enda eru til dæmis innheimtumaður ríkissjóðs og lífeyrissjóður réttir aðilar til að krefjast staðgreiðslufjár og lífeyrissjóðsiðgjalda. Kröfu stefnanda um greiðslu heildarlauna (sbr. tölulið 1.a í sundurliðun), ber því að lækka á þann veg að stefnda verði aðeins

gert að greiða stefnanda nettólaun en ekki heildarlaun eða brúttólaun. Með vísan til sömu sjónarmiða ber dóminum jafnframt að hafna kröfum stefnanda um greiðslu lögbundins mótframlags í lífeyrissjóð (sbr. tölulið 1.b í sundurliðun) og greiðslu samningsbundins mótframlags í lífeyrissjóð (sbr. tölulið 1.c í sundurliðun).

Sé mið tekið af síðasta launaseðli stefnanda ætti mánaðarleg krafa til greiðslu launa því að vera að hámarki 1.080.473 kr. Heildarkrafa vegna greiðslu launa í sex mánuði ætti því að hámarki að vera 6.482.838 kr., en ekki 13.344.000 kr. (sbr. töluliði 1.a-1.c í sundurliðun) líkt og stefnandi krefst.

Þá telur stefndi enga stoð fyrir því í lögum nr. 21/1991 að greiðslum vegna símakostnaðar, trygginga og rekstrarkostnaðar bifreiðar skuli skipað í réttindaröð skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 (sbr. töluliði 1.d og 1.e í sundurliðun). Kröfuliðir þessir eru í raun endurgjaldskröfur fyrir útlagðan kostnað, sem almennt er skipað utan forgangsréttar. Mánaðarleg krafa stefnanda skal því lækka sem þessum kröfuliðum nemur. Kröfuliður að fjárhæð 70.000 kr. á mánuði vegna símakostnaðar og trygginga verður því ekki samþykktur á grundvelli 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 og kröfuliður að fjárhæð 210.000 kr. á mánuði vegna rekstrarkostnaðar bifreiðar verður heldur ekki samþykktur af sömu ástæðum og áður er frá greint.

Með vísan til sömu sjónarmiða og fyrir hafa komið fram varðandi kröfuliði 1.a-1.e, ber dóminum einnig að lækka verulega kröfu í tölulið 2 í sundurliðun stefnufjárhæðar. Byggir sá kröfuliður stefnanda á sömu röngu forsendum og stefndi hefur hér fyrir vísað til.

Að lokum ber að vísa til þess að svo virðist sem stefnandi sjálfur telji kröfu sína vera skaðabótakröfu en ekki kröfu um greiðslu launa, sbr. umfjöllun stefnanda sjálfs í lokamálslið 3. kafla í stefnu. Skaðabótakröfum er skipað í réttindaröð skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 og teljast þær því samningskröfur við nauðasamninga, sbr. 29. gr. sömu laga. Styrkir þetta enn frekar kröfur stefnda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda og styðst sú krafa stefnda við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. einkum 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laganna.

Niðurstaða

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu launa og tengdra gjalda í 6 mánuði auk rekstrarkostnaðar bifreiðar í 8,3 mánuði til loka uppsagnarfrests og byggir á gildandi samningum málsaðila um launakjör sín.

Það liggja þrjú samningar fyrir í málinu. Stefndi hefur lagt fram upphaflegan ráðningarsamning milli FL Group og stefnanda frá 1. september 2005. Þar er stefnandi ráðinn framkvæmdastjóri til að hafa umsjón með rekstri, stefnumótun og viðskiptaþróun FL Group. Þremur mánuðum seinna, eða 5. desember 2005, var stefnandi ráðinn forstjóri FL Travel Group. Samkvæmt þeim samningi var gagnkvæmur 12 mánaða uppsagnarfrestur.

Hinn 1. september 2007 er gert samkomulag milli FL Group hf., Northern Travel Holding hf. (NTH), og stefnanda. Þar kemur fram að stefnandi sé ráðinn tímabundið í starf forstjóra hjá NTH. FL Group hafi áfram heimild til að leita til stefnanda um ákveðin mál en þó þannig að starf forstjóra gangi fyrir. Skv. 1.2 gr. er samkomulag um að laun og aðrar launatengdar greiðslur skuli nú sem fyrr vera greidd af FL Group. NTH eigi síðar að endurgreiða FL Group allan kostnað sem hlýst af störfum forstjóra og ber FL Group að senda NTH reikning innan 7 daga frá greiðslum til stefnanda. Skv. 2.3 gr. skal stefnandi, eftir að störfum lýkur hjá NTH, taka við sambærilegu/ri starfi/stöðu innan FL. Í 3.1-3.8 gr. í 3. kafla samningsins er fjallað um verksvið, ábyrgð og vinnuframlag. Þar segir meðal annars að forstjóri skuli stýra daglegum rekstri NTH. Hann hafi með höndum yfirframkvæmdastjórn allrar daglegrar starfssemi NTH og hafi ákvörðunarvald um öll rekstrarleg og fjárhagsleg málefni NTH. Hann hafi prókúrumboð. Hann sé stjórnarformaður í öllum helstu dótturfélögum NTH samstæðunnar. Hann beri ábyrgð gagnvart félagsstjórn á daglegum rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum NTH, lögum og reglum. Í 8.2 gr. er kveðið á um að hægt sé að segja samningum upp með sex mánaða fyrirvara. Að lokum segir í 9.1 gr. að öll ákvæði ráðningarsamnings og annarra samninga á milli stefnanda og FL Group, að undanskildum sérákvæðum í samkomulaginu, eigi að halda gildi sínu og að stefnandi eigi að halda öllum þeim réttindum sem hann hefur samkvæmt núverandi samningi við FL Group. Undir samning þennan ritar stefnandi og Hannes Smárason f.h. FL Group hf. Undirritun fyrir hönd Northern Travel Holding hf. er ólæsileg.

Sama dag, þ.e. 1. september 2007, er gerður viðauki við ráðningarsamninginn milli FL Group hf. og stefnanda frá 5. desember 2005. Í 1.3 gr. segir svo: „Ekki er gert ráð fyrir að ráðning og störf forstjóra hafi nokkur áhrif á gildandi samninga hans við félagið eða skerði þá á nokkurn hátt, enda mun forstjóri nú sem fyrr vera starfsmaður félagsins, sem síðan mun gera samning við NTH um tilhögun á endurgreiðslu launa og bónusgreiðslna.“ Síðan segir í 7.1 gr. að öll ákvæði ráðningarsamnings og annarra samninga að undanskildum sérákvæðum í viðauka þessum skuli halda gildi sínu og að stefnandi haldi öllum þeim réttindum er hann hefur samkvæmt núverandi samningi við félagið. Undir þennan samning rita stefnandi og Hannes Smárason fyrir hönd FL Group hf.

Af þessum samningum, sem báðir eru gerðir eru 1. september 2007, má annars vegar ráða, að stefnandi hafi verið ráðinn forstjóri Northern Travel Holding hf., og hins vegar að hinn sami forstjóri verði „nú sem fyrr“ starfsmaður FL Group. Ljóst er að samningar þessir fara ekki saman. Stefnandi getur ekki á sama tíma verið í fullu starfi sem forstjóri Northern Travel Holding hf., með öllum þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt samningum og ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995 og einnig verið starfsmaður FL Group hf.

Stefnandi er samkvæmt samkomulaginu forstjóri NTH, sem er sérstakur lögaðili. Það félag greiðir honum laun þótt FL Group leggi út fyrir þeim um hver mánaðamót. Með þessu fyrirkomulagi virðist ætlunin vera sú að tryggja að stefnandi fái laun sín á réttum tíma. FL Group innheimtir síðan launin hjá NTH innan 7 daga. Öll vinnuskylda stefnanda samkvæmt samkomulaginu er í þágu NTH og er það félag vinnuveitandi stefnanda. Laun þau er stefnandi fær hjá NTH geta ekki verið grundvöllur að kröfu hans á hendur stefnda, Stoðum hf. Hér er um annan aðila að ræða og launanna er aflað vegna þjónustu stefnanda við NTH, en ekki

Stoða hf.

Stefnandi höfðar mál þetta gegn Stoðum hf. Nafn þess hlutafélags kemur hvergi fyrir í málsskjöllum, en upplýst var við aðalmeðferð að FL Group hafi breytt um nafn og héti nú Stoðir hf., og um sömu kennitölu væri að ræða. Þá var einnig upplýst við aðalmeðferð málsins, að Northern Travel Holding hf., hafi verið úrskurðað gjaldþrota 14. september 2009.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að stefndi hafi litið á stefnanda sem starfsmann FL Group/stefnda með því að stefndi hafi þegar greitt stefnanda samkvæmt staðfestum nauðasamningi. Við það situr og með vísan til 2. mgr. 60. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. á stefnandi ekki frekari kröfur á hendur stefnda.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir er stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndi, Stoðir hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Þorsteins Arnar Guðmundssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Sigrún Guðmundsdóttir